Hólmavík, 8. Nóvember 2023

Erindi til sveitarstjórnar

Foreldrafélag leik- grunn- og tónskólans á Hólmavík vill þakka Hlíf Hrólfsdóttur fyrir erindi sitt um stöðu í málum barna og barnafjölskyldna í Strandabyggð sem tekið var fyrir á fundi sveitarstjórnar 12. September síðastliðinn.

Við í foreldrafélaginu deildum þessum áhyggjum. Ljóst er að umræðan hefur borið árangur því margt hefur áunnist og fer þjónusta við börn og barnafjölskyldur batnandi, til dæmis með reglulegri opnun í Ozon, mönnun í mötuneyti, stöðugleika í frístund, samningi um barnaverd og ráðningum í stöðu deildarstjóra og þroskaþjálfa í leikskóla.

Foreldrafélagið fagnar bættri þjónustu og umræðu um mikilvægi þess að hlúð sé að hag barna í samfélaginu okkar.

Við óskum eftir því að umræðunni og samtalinu sé haldið lifandi og því sé hér eftir fagnað þegar íbúar og embættisfólk vill gera betur fyrir börnin okkar.

Virðingarfyllst,

stjórn foreldrafélags Grunn- og leikskóla Hólmavíkur

*Ágúst Helgi Sigurðsson*

*Björk Ingvarsdóttir*

*Esther Ösp Valdimarsdóttir*

*Jóhanna Guðbjörg Rósmundsdóttir*

*Jón Örn Haraldsson*